# REGLUGERÐ

**um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sölu**
**~~hópferðabifreiða~~ hópbifreiða úr landi.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar skal endurgreiða rekstraraðilum ~~hópferðabifreiða~~ hópbifreiða, sem ~~leyfi~~ undanþegnir ~~hafa~~ eru ~~samkvæmt~~ virðisaukaskatti ~~lögum~~ skv. 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. ~~73~~ 50/~~2001 um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi~~ 1988, 19,35%~~.~~ af söluverði ~~hópferðabifreiða~~ hópbifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi, sbr. þó 2. mgr. Hafi hópbifreiðin verið nýtt í blandaðri starfsemi og virðisaukaskattur af kaupverði hennar að hluta til verið færður til innskatts lækkar endurgreiðslan sem því hlutfalli nemur.

Endurgreiða skal rekstraraðilum ~~hópferðabifreiða~~ hópbifreiða, sem undanþegnir eru virðisaukaskatti skv. 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, 6,45% af söluverði hópbifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi. Endurgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði tekur til rekstraraðila þeirra hópbifreiða sem nýskráðar ~~eru~~ voru á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003 og notið hafa endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. lögum nr. 57/2001, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, ~~6,56%~~ vegna sömu bifreiða. Hafi hópbifreiðin verið nýtt í blandaðri starfsemi og virðisaukaskattur af ~~söluverði~~ kaupverði ~~hópferðabifreiða~~ hennar að hluta til verið færður til innskatts lækkar endurgreiðslan sem ~~þeir~~ því ~~sannanlega~~ hlutfalli ~~selja úr landi~~ nemur.

2. gr.

*Endurgreiðslubeiðni.*

Sækja skal um endurgreiðslu á sérstöku eyðublaði í því formi sem ~~tollstjórinn í Reykjavík~~ tollstjóri ákveður.

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst ~~tollstjóranum í Reykjavík~~ tollstjóra eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

3. gr.

*Afgreiðsla á umsóknum og skilyrði endurgreiðslu.*

~~Tollstjórinn í Reykjavík~~ Tollstjóri afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari og annast endurgreiðslu.

Skilyrði endurgreiðslu er að í beiðni um endurgreiðslu sé sýnt fram á með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að ~~hópferðabifreiðin~~ hópbifreiðin hafi verið seld úr landi.

~~Tollstjórinn í Reykjavík~~ Tollstjóri skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur hann í því sambandi krafið umsækjanda nánari skýringa á viðskiptunum. Með beiðni um endurgreiðslu skal fylgja frumrit sölureiknings eða greiðsluskjal frá tollyfirvöldum þar sem fram kemur söluverð ~~hópferðabifreiðar~~ hópbifreiðar með áritaðri staðfestingu tollgæslunnar á því að ~~hópferðabifreið~~ hópbifreið samkvæmt reikningnum hafi verið seld úr landi.

4. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 6. gr. laga nr. 105/2000, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

**Fyrirvari**
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.